

## Kröftugur tekjuvöxtur og ágæt afkoma á fyrsta ársfjórðungi

Tekjur á fyrsta fjórðungi jukust um 20% og EBITDA nam 242 mkr. Eiginfjárhlutfall í 40%.

REYKJAVÍK - 27. apríl 2017 - Nýherji kynnti í dag uppgjör fyrsta ársfjórðungs 2017.

### Helstu upplýsingar:

- Sala á vöru og þjónustu nam 3.996 mkr á fyrsta ársfjórðungi (20% tekjuvöxtur frá F1 2016) [F1 2016: 3.332]
- Framlegð nam 976 mkr (24,4%) á fyrsta ársfjórðungi [F1 2016: 885 mkr (26,6%)]
- EBITDA nam 242 mkr (6%) á fyrsta ársfjórðungi [F1 2016: 180 mkr (5,4%)]
- Heildarhagnaður á fyrsta ársfjórðungi nam 71 mkr (1,8%) [F1 2016: 38 mkr (1,1%)]
- Eiginfjárhlutfall var 39,7% í lok fyrsta ársfjórðungs, samanborið við 33,7% í lok árs 2016
- Vaxtaberandi langtímaskuldir voru greiddar niður um 300 mkr á fyrsta ársfjórðungi
- Starfsmenn innleystu kauprétti að kaupverði 149 mkr á fyrsta ársfjórðungi, kom til greiðslu í byrjun apríl

### Finnur Oddsson, forstjóri:

„Rekstur samstæðunnar gekk um margt vel á fjórðungnum og er á áætlun. Við erum ánægð með ágæta afkomu og áframhaldandi tekjuaukningu, um 20% á milli ára. Gott gengi að undanfögnu hefur gert okkur kleift að grynka verulega á skuldum og styrkja eiginfjástöðu, sem hefur sjaldan verið sterkari.

Sala á tölvum og hljóð- og myndlausnum er sem fyrr stór hluti af okkar starfsemi en tekjur af hýsingar- og rekstrarþjónustu aukast heldur meira, m.a. vegna nýrra verkefna á borð við upplýsingatæknirekstur fyrir Arion banka frá því í byrjun árs.

Vöxtur hugbúnaðartengdrar starfsemi dregur vagninn í tekjuvexti félagsins eins og síðustu fjórðunga og áhersla á vöruþróun og sölu eigin lausna hefur aukist. Til marks um það hafa áskriftartekjur í Kjarna, launa- og mannauðslausn Applicon, nálægt þrefaldast á milli ára og vinna við nýsköpunar- og þróunarverkefni lofar góðu. Innleiðing á kjarnabankakerfum fyrir SBAB í Svíþjóð fer vel af stað og felur í sér umtalsverða vinnu fyrir sérfræðinga þar og á Íslandi. Tekjuvöxtur er áfram sterkur hjá TM Software, afkoma góð og unnið að spennandi vöruþróunverkefnum. Hjá Tempo gengur áfram vel og tekjur á fjórðungnum námu 4,4 mUSD, sem er 46% aukning. Viðskiptavinur númer 10.000 slóst í hópinn, sem er stór áfangi og endurspeglar styrk lausna Tempo. Samstarfs- og söluaðilar Tempo eru nú yfir 100 á heimsvísu, um fimmtungur starfsfólks vinnur nú í Kanada og Bandaríkjunum og stefnt að frekari fjölgun þar.

Ágæt eftirspurn er á flestum sviðum samstæðunnar, einkum eftir hýsingar- og rekstrarþjónustu og hugbúnaðarlausnum af ýmsu tagi. Horfur eru því góðar.“

**Rekstrarniðurstaða á fyrsta ársfjórðungi 2017**

| Rekstrarreikningur - Lykiltölur                        |            |            |
|--|------------|------------|
| Í milljónum ISK  | F1 2017    | F1 2016    |
| Seldar vörur og þjónusta                               | 3.996      | 3.332      |
| Vörunotkun og kostn.verð seldrar þjónustu              | (3.020)    | (2.447)    |
| <b>Framlegð</b>  | <b>976</b> | <b>885</b> |
| Rekstrarkostnaður                                      | (879)      | (818)      |
| <b>Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b> | <b>97</b>  | <b>67</b>  |
| Hrein fjármagnsgjöld                                   | (28)       | (45)       |
| <b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>                       | <b>70</b>  | <b>23</b>  |
| Tekjuskattur   | (3)        | (1)        |
| <b>Hagnaður tímabilsins</b>                            | <b>67</b>  | <b>22</b>  |
| Þýðingarmunur dótturfélaga                             | 4          | 16         |
| <b>Heildarhagnaður tímabilsins</b>                     | <b>71</b>  | <b>38</b>  |
| <b>EBITDA</b>  | <b>242</b> | <b>180</b> |

- Sala á vöru og þjónustu nam 3.996 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2017, samanborið við 3.332 mkr á sama tímabili árið 2016, sem er aukning um 20% á milli ára
- Framlegð nam 976 mkr (24,4%) á fyrsta ársfjórðungi 2017, samanborið við 885 mkr (26,6%) á sama tímabili árið 2016
- Rekstrarkostnaður var 879 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2017 (22% af tekjum), samanborið við 818 mkr (24,5% af tekjum) á fyrsta ársfjórðungi 2016
- EBITDA nam 242 mkr (6%) á fyrsta ársfjórðungi, samanborið við 180 mkr (5,4%) á sama tíma árið 2016
- Heildarhagnaður á fyrsta ársfjórðungi 2017 nam 71 mkr, samanborið við 38 mkr á sama tíma árið 2016

TIL BIRTINGAR FIMMTUDAGINN 27. APRÍL 2017  
<http://www.nyherji.is/nyherji/fyrirtaekid/fjarfestar/>
**Efnahagsreikningur 31.03.2017**

| Efnahagsreikningur 31.03.2017 – Lykiltölur |              |              |
|--|--------------|--------------|
| Í milljónum ISK                            | 31.03.2017   | 31.12.2016   |
| Fastafjármunir                             | 3.359        | 3.287        |
| Veltufjármunir                             | 3.083        | 3.624        |
| <b>Eignir samtals</b>                      | <b>6.442</b> | <b>6.911</b> |
| <br>                                       |              |              |
| Eigið fé                                   | 2.557        | 2.329        |
| Langtímaskuldir                            | 1.710        | 2.028        |
| Skammtímaskuldir                           | 2.176        | 2.553        |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>         | <b>6.442</b> | <b>6.911</b> |
| <br>                                       |              |              |
| Veltufjárhlutfall                          | 1,42         | 1,42         |
| Eiginfjárhlutfall                          | 39,7%        | 33,7%        |

- Veltufjármunir lækka um 540 mkr á tímabilinu. Handbært fé lækkar um 211 mkr en greidd voru niður langtímalán upp á 300 mkr á tímabilinu. Hlutfjárloforð vegna kaupréttta starfsmanna sem kom til greiðslu 1.-5. apríl er fært inn að upphæð 149 mkr. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur lækka um 466 mkr á tímabilinu
- Eiginfjárhlutfall hækkar töluvert og er 39,7% í lok fyrsta ársfjórðungs en var 33,7% í lok árs 2016
- Veltufjárhlutfall er 1,42 í lok fyrsta ársfjórðungs 2017 sem er það sama og var í lok árs 2016
- Vaxtaberandi langtímaskuldir lækkuðu um 319 mkr og eru í lok fyrsta ársfjórðungs 1.710 mkr
- Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir lækka um 377 mkr á tímabilinu

**Sjóðstreymi 1.1.2017 - 31.03.2017**

| Sjóðstreymi - Lykiltölur             |                 |                 |
|--------------------------------------|-----------------|-----------------|
| Í milljónum ISK                      | 1.1.-31.3. 2017 | 1.1.-31.3. 2016 |
| Handbært fé frá rekstri              | 329             | 135             |
| Fjárfestingarhreyfingar              | (220)           | (283)           |
| Fjármögnunarhreyfingar               | (323)           | (62)            |
| <b>Lækkun á handbæru fé</b>          | <b>(213)</b>    | <b>(210)</b>    |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé  | 2               | (6)             |
| Handbært fé í ársbyrjun              | 872             | 809             |
| <b>Handbært fé í lok tímabilsins</b> | <b>661</b>      | <b>593</b>      |

- Handbært fé frá rekstri er 329 mkr í lok fyrsta ársfjórðungs 2017, samanborið við 135 mkr í lok fyrsta ársfjórðungs 2016
- Fjárfestingarhreyfingar eru 220 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2017, samanborið við 283 mkr á sama tímabili í fyrra
- Fjármögnunarhreyfingar eru 323 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2017, samanborið við 62 mkr á sama tímabili í fyrra. Mismuninn má rekja til þess að langtímalán voru greidd niður um 300 mkr í fyrsta ársfjórðungi 2017
- Handbært fé í lok tímabilsins nam 661 mkr samanborið við 593 mkr í lok fyrsta ársfjórðungs 2016

## **Kröftugur tekjuvöxtur og ágæt afkoma á fyrsta ársfjórðungi**

### **Starfsfólk samstæðu nýtir kauprétt**

Stór hluti starfsfólks Nýherja nýtti sér kauprétt frá árinu 2016 á hlutum í félaginu á genginu 17,095, samtals 8.739.986 hlutir. Kaupréttaráætlunin gildir í tvö ár til viðbótar. Auk þeirra sem gerðu kaupréttarsamning í fyrra bættust nú ríflega 90 starfsmenn Nýherjasamstæðunnar við og gerðu kaupréttarsamning um kaup á 3.653.396 hlutum á genginu 29,89 kr. Kaupréttaráætlunin nær til allra fastra starfsmanna samstæðunnar, en samkvæmt henni getur hver starfsmaður keypt hluti á grundvelli áætlunarinnar fyrir kr. 600.000 á ári og að lágmarki 10.000 á ári.

### **Aukin eftirspurn eftir hýsingar- og rekstrarþjónustu hjá Nýherja**

Tekjuvöxtur var í flestum einingum móðurfélags Nýherja á fyrsta ársfjórðungi, um 12% í það heila miðað við sama tímabil í fyrra. Hlutfallslega mestur vöxtur var í hýsingar- og rekstrarþjónustu, eða um 20%. Nýherji tók yfir rekstur upplýsingatæknikerfa Arion banka í upphafi árs 2017, m.a. miðlæg kerfi og tækni- og vettvangsþjónustu gagnvart starfsfólki. Á þriðja tug starfsmanna, sem áður sinnti tækniþjónustu hjá Arion banka, hófu störf hjá Nýherja í byrjun árs.

### **Áskriftartekjur vaxa hjá Applicon á Íslandi**

Afkoma Applicon á Íslandi, sem sérhæfir sig í ráðgjöf, þjónustu og þróun viðskiptahugbúnaðar, var umfram væntingar. Heildartekjur Applicon námu 319 mkr og jukust um 23% frá sama tímabili í fyrra, þrátt fyrir að tæplega 40% tekna séu í erlendri mynt. Sala á Kjarna mannauðs- og launakerfi, hefur gengið vel og jukust fastar áskriftartekjur um 170% á tímabilinu. Sérfræðingar Applicon á Íslandi koma mikið að innleiðingu á SAP kjarnabankakerfi hjá SBAB í Svíþjóð, sem mun skila stöðugum tekjum næstu misseri. Þá tók Lykill í gagnað nýja útgáfu af netbanka Applicon ásamt sjálfvirku lánaumsóknakerfi.

Horfur eru almennt góðar og áfram verður fjárfest í þróun framtíðarlausna fyrir íslenskan markað.

### **Stór verkefni hafa jákvæð áhrif á Applicon í Svíþjóð**

Tekjur Applicon í Svíþjóð jukust um tæplega þriðjung miðað við fyrra ár, en þar hafa stór verkefni fyrir sænsku bankana SBAB og Landshypotek Bank mest áhrif. Innleiðing kjarnabankalausnar frá SAP fer vel af stað fyrir SBAB og Applicon innleiddi svo nýja veðlánausn hjá Landshypotek Bank á tímabilinu.

Hugbúnaðarfyrirtækið SAP valdi Applicon í Svíþjóð sem samstarfsaðila ársins fyrir árið 2016. Applicon hlaut viðurkenninguna SAP Innovation Partner of the Year fyrir sérþekkingu á hugbúnaðarlausnum fyrir banka, skilning á þeim áskorunum sem fjármálafyrirtæki standa frammi fyrir í þróun stafrænna lausna og að laða til sín nýja viðskiptavini á þessu sviði.

Horfur í rekstri eru góðar.

### **Tekjuaukning og góð afkoma hjá TM Software**

Tekjur TM Software, sem sérhæfir sig í þróun á eigin hugbúnaðarvörum og sérhæfðum hugbúnaðarlausnum, jukust um 14% miðað við sama tímabil í fyrra. Góð eftirspurn var eftir þjónustu og lausnum félagsins á öllum þremur sviðum þess, sem eru heilbrigðislausnir, ferðalausnir og sérlausnir. Töluverð áhersla hefur verið lögð á þróunarstarf að undanfögnu, bæði til að styrkja núverandi vörur og skapa nýjar. Verkefnastaðan fyrir næstu mánuði er góð og horfur í rekstri ágætar.

### **Áframhaldandi tekjuvöxtur og uppbygging erlendis hjá Tempo**

Tekjur Tempo, sem þróar tímaskráningar- og framleiðnilausnir, jókst um 46% samanborið við sama ársfjórðung í fyrra. Tekjur félagsins hafa aukist samfelld frá stofnun þess og í síðasta mánuði náðist sá áfangi að fjöldi viðskiptavina fór yfir 10.000. Það var bílaframleiðandinn Mercedes Benz sem var tíu þúsundasti viðskiptavinurinn og keypti hann allar vörur Tempo fyrir starfsemi sína í Bandaríkjunum. Mercedes Benz er því kominn í hóp bílaframleiðenda sem nota lausnir frá Tempo en fyrir voru m.a. BMW, Volkswagen, Mazda, Audi, Scania, Volvo og Skoda.

Mikill vöxtur hefur verið á starfsemi Tempo erlendis síðustu misseri og stefnir í að tvöföldun verði á starfsmannafjölda utan Íslands fyrir árslok. Nú þegar rekur Tempo starfsstöðvar í Montreal og San Francisco og unnið er að því að Tempo opni nýja starfsstöð í Evrópu á næstu mánuðum. Samstarfs- og söluaðilar Tempo eru yfir 100 á heimsvísu.

Á síðasta ári réðst Tempo í stærsta einstaka þróunarverkefni sitt þegar fjárfest var í innviðum til að gera það mögulegt að bjóða upp á þjónustu í skýi í eigu fyrirtækisins. Það verkefni er á lokametrunum og nú eru yfir 2000 viðskiptavinir komnir í skýjaþjónustu Tempo. Eigin skýjaþjónusta eykur möguleika fyrirtækisins á auknum tekjum og breiðara vöruframboði, m.a. með tengingu á vörum Tempo við aðrar vinsælar skýjalausnir.

Horfur eru góðar og gert ráð fyrir svipuðum tekjuvexti og áframhaldandi uppbyggingu erlendra starfsemi Tempo.

### **Horfur**

Horfur í rekstri Nýherjasamstæðunnar eru góðar. Gert er ráð fyrir áframhaldandi hóflegum vexti tekna og afkomu Nýherja og dótturfélaga.

### **Hluthafar**

Markaðsvirði fyrirtækisins í lok fyrsta ársfjórðungs 2017 var 13.533 mkr., lokaverð hlutabréfa í ársfjórðungnum var kr. 29,5 á hlut. Fjöldi útgefinna hluta þann 31. mars 2017 voru 459 milljónir og voru hluthafar 441 talsins.

### **Kynningarfundur þann 28. apríl 2017**

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn föstudaginn 28. apríl 2017 í höfuðstöðvum félagsins að Borgartúni 37 í Reykjavík kl. 08:30. Finnur Oddsson, forstjóri mun kynna afkomu félagsins. Hægt er að nálgast streymi af fundinum á heimasíðu félagsins. Kynningarefni af fundinum verður hægt að nálgast á heimasíðu félagsins, [www.nyherji.is](http://www.nyherji.is), að honum loknum.

### **Fjárhagsdagatal**

- 18.08.2017 Annar ársfjórðungur 2017 uppgjör
- 25.10.2017 Þriðji ársfjórðungur 2017 uppgjör
- 31.01.2018 Fjórti ársfjórðungur og ársuppgjör 2018
- 02.03.2018 Aðalfundur ársins 2017

### **Samþykkt árs hlutareiknings**

Árs hlutareikningur var samþykktur á stjórnarfundum Nýherja hf. þann 27. apríl 2017. Uppgjör Nýherja hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards).

### **Nýherji hf.**

Nýherji er samstæða fyrirtækja í upplýsingatækni. Nýherji er þjónustufyrirtæki og hlutverk fyrirtækisins felst í að aðstoða viðskiptavini að ná enn betri árangri í sínum rekstri með aðstoð upplýsingatækni, sérfræðiþekkingu starfsfólks og lipurri þjónustu. Hlutabréf Nýherja hf. eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöll Íslands) undir auðkenninu NYHR.

Í stjórn Nýherja eru Ívar Kristjánsson, stjórnarformaður, Hildur Dungal, Emilía Þórðardóttir, Loftur Bjarni Gíslason, Guðmundur Jóhann Jónsson og Hjalti Þórarinnsson er varamaður stjórnar. Finnur Oddsson er forstjóri Nýherja.

### **Nánari upplýsingar**

Finnur Oddsson forstjóri í síma 862-0310 eða [fo@nyherji.is](mailto:fo@nyherji.is) og Gunnar Petersen framkvæmdastjóri fjármálasviðs í síma 825-9001 eða [gp@nyherji.is](mailto:gp@nyherji.is).

---

#### Til athugunar fyrir fjárfesta

Nýherji vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna af birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.